

FORSENDUR

LAGAUMGJÖRD

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2017 er lögð fram og unnin skv. fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögnum skal bæjarráð leggja fyrir bærstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bærstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir bæinn. Tillögu að fjárhagsáætlun skal skv. lögnum leggja fyrir bærstjórn ekki síðar en 1. nóvember og skal fjalla um tillögurnar á tveimur fundum. Lokaafgreiðsla fjárhagsáætlunar skal liggja fyrir í síðasta lagi 15. desember.

Skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er fjárhagsáætlun komandi árs bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir. Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema með samþykkt viðauka í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða.


Því ber að líta á fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar sem fjárveitingu til rekstrar og óheimilt er að víkja frá ákvörðun bærstjórnar í þeim efnum.

FJÁRHAGSLEGAR FORSENDUR

Við áætlun tekna bæjarins er stuðst við margvíslegar forsendur. Ekki þarf mikið til að áætlanir raskist gangi forsendur ekki eftir. Undanfarin ár hafa forsendur við gerð tekjuáætlunar bæjarins þó gengið nokkuð vel eftir enda hefur verið farið fram með varkárni við mat forsendna. Á myndinni til hliðar má t.a.m. sjá hver áætlun útsvars þriggja síðustu ára hefur verið til samanburðar við niðurstöðu hvers árs. Útsvar fyrir árið 2017 verður óbreytt eða 14,48%.

Gert er ráð fyrir því við gerð áætlunarinnar að íbúum í bænum muni fjölga um 1,6% á næsta ári og verði í árslok 2017 35.705 talsins, en það er varleg áætlun miðað við fjölgunina undanfarin ár.

Þrátt fyrir nýgerða kjarasamninga á árinu með töluverðri hækkun launa, eru nokkrir kjarasamningar lausir hjá stórum starfsstéttum á árinu 2016 og næsta ári og óvíst vernig nýir kjarasamningar muni líta út. Hækkun launa hefur bæði áhrif til útgjalda hjá bænum en jafnframt til tekjuhækkunar vegna hækkunar útsvars. Útreikningar fjármáladeildar bæjarins hafa sýnt að ef launahækkanir hjá starfsmönnum bæjarins fylgja almennum hækkunum, þá fjármagna hækkanir á almenna markaðinum hækkanir hjá starfsmönnum bæjarins. Ef hins vegar það verður misvægi hér á, þá getur kostnaður auðveldlega farið úr böndunum. Í tekjuhluta fjárhagsáætlunarinnar er gert ráð fyrir 6,3% hækkun launa í landinu á milli ára og er sú forsenda færð til hækkunar í tekjuáætlun bæjarins.



Útsvarsgreiðslur – samanburður áætlana útkomu í ársreikningi. Áætlanir hafa staðist nokkuð vel og forsendur hafa verið varfærnar. Því hefur niðurstaðan undanfarin þrjú ár verið betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Upphæðir eru í milljónum króna.

Gert er ráð fyrir að hlutfallslegt atvinnleysi og atvinnuþáttaka verði svipuð og á næsta ári, en vegna fjölgunar í bænum muni vinnuafli aukast eða um ríflega 600 manns.

Í áætlun næsta árs er gert ráð fyrir tekjulækkun vegna skattfrjálsrar úttektar af séreignasparnaði til lækkunar á húsnæðisskuldum, sem Alþingi samþykkti í lok árs 2013.

Samkvæmt þjóðhagsspá sem gefin var út í maí 2016 var áætlað að verðbólga ársins 2017 verði um 3,9%. Yngri verðbólguþáttur benda hins vegar til þess að verðbólga á árinu 2017 verði eitthvað lægri en Hagstofuspáin frá því í vor. Nýjasta spá sem birst hefur er þjóðhagsspá að vetri frá Hagstofu Íslands (4. Nóvember 2016) en þar er gert ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2017 verð 2,4%.

Í áætlun bæjarins fyrir 2017 er gert ráð fyrir 1,0% almennri hækkun á vöru- og þjónustukaupaliði, nema matur hækkar um 4%, orkureikningar hækka um 3,9% og innri leiga um 4%. Þá er gert ráð fyrir 4% almennri hækkun á alla tekjuliði (sem jafngildir aukningu tekna) að undanskildum leikskólagjöldum sem hækka aðeins um 2,0%. Við mat á fjármagnsliðum er hér gert ráð fyrir að verðbólga verði 3,9%.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsenda er áætlað að útsvarstekjur ársins 2017 muni nema rúmum 19,1 milljarði króna, sem jafngildir 8,7% hækkun frá útkomuspá fyrra árs en vænt útkoma ársins 2016 er tæpir 17,6 milljarðar króna.


FASTEIGNAGJÖLD

Á árinu 2016 voru fasteignagjöld lækkuð og er það framhald af skattalækkunarferli sem hófst 2013. Á árinu 2017 er gert ráð fyrir lækkun fasteignaskatts og holræsagjalds en vatnsskattur, sorphirðugjald og lóðarleiga hækkar.


Áætlað er að fasteignagjöld skili bæjarsjóði samtals tekjum sem nemi 5.561.083.091 kr.

FASTEIGNASKATTUR

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði lækki úr 0,260% í 0,255%, sem jafngildir rúmlega 1,9% lækkun á skatthlutfallinu. Áætlað er þó að tekjur af fasteignaskatti aukist um 6,1% sem má að hluta rekja til hækkunar á fasteignamati en einnig magnaukningar, þ.e.a.s. áætlaðri fjölgun fasteigna í bæjarfélaginu. Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði er óbreyttur á milli ára, eða 1,62%.



Útsvarsgreiðslur – samanburður áætlaðrar útkomu ársins 2016 og fjárhagsáætlunar 2017. Áætlað er að útsvarstekjur aukist um rúmar 1.500 m.kr. milli ára. Upphæðir eru í milljónum króna.



Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði var lækkaður á yfirstandandi ári og gerir áætlun ársins 2017 ráð fyrir áframhaldandi lækkun.

VATNSSKATTUR

Vatnsskattur helst óbreyttur á milli ára og verður 0,080% af fasteignamati. Aukavatnsgjald hækkar í samræmi við vísitölu fjárhagsáætlunar, eða um 3,9%.

HOLRÆSAGJALD

Holræisagjald lækkar á milli ára úr 0,169% í 0,140% af fasteignamati.

SORPHIRÐUGJALD

Sorphirðugjald hækkar úr 22.600 kr. í 28.300 kr. Hækkunina er að rekja til hækkana hjá Sorpu.

LÓÐALEIGA


Lóðaleiga á einingu íbúðarhúsnæðis hækkar á milli ára og verður 21,43 kr. í stað 19,48 kr. en hún hefur verið óbreytt undanfarin ár. Lóðaleiga atvinnuhúsnæðis er óbreytt.

JÖFNUNARSJÓÐUR


Hluti af áætlun Jöfnunarsjóðs barst í lok október 2016 og eru þær færðar inn í fjárhagsáætlun. Önnur framlög eru skv. grófri áætlun.

LYKILTÖLUR

Ekki er um miklar sveiflur að ræða í rekstri þegar lykiltölur eru bornar saman á milli ára. Laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur hafa verið um 50% undanfarin ár, lægst farið í 46,2% árið 2012. Á næsta ári er áætlað að um 55,2% af rekstrartekjum bæjarins fari í laun og tengd gjöld starfsmanna, sem má rekja til mikilla launahækkana undanfarin misseri.




Á myndinni má sjá laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur. Þetta hlutfall liggur í kringum 50% - hefur lægst farið í 46,2% árið 2012 en er áætlað að verði 55,2% árið 2017.



Hér má sjá þróun launakostnaðar frá árinu 2011. Fjárhæðir eru í þúsundum króna.


Launakostnaður hjá bænum hefur farið hækkandi jafnt og þétt. Frá árinu 2009 hefur stöðugildum hjá bænum fjölgað um 490. Áætlað er að launakostnaður aukist um 1.947 m.kr. á milli ára sem er töluverð hækkun sem helst má rekja til mikilla launahækkana vegna kjarasamninga.



Á myndinni má sjá annan rekstrarkostnað í hlutfalli við rekstrartekjur. Árið 2017 er gert ráð fyrir að 29% skatttekna fari í annan rekstrarkostnað málaflokka.


Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli við rekstrartekjur breytist lítið á milli ára, en um 29% af heildartekjum A-hluta bæjarsjóðs fara í vöru- og þjónustukaupaliði í rekstri málaflokka bæjarins.

Skuldir án lífeyrisskuldbindinga á hvern íbúa fara lækkandi. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs.




Skuldir án skuldbindinga fara lækkandi. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.

Veltufé frá rekstri á hvern íbúa fer lækkandi frá fyrra ári og nemur skv. áætlun næsta árs 89 þús.kr.



Veltufé frá rekstri á hvern íbúa fer lækkandi frá fyrra ári. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.

Skatttekjur á hvern íbúa hafa farið vaxandi á milli ára og skv. framlagðri áætlun má gera ráð fyrir að þær verði 647 þús.kr. á íbúa á næsta ári.



Á myndinni má sjá skatttekjur í þúsundum króna á íbúa. Þessi upphæð hefur farið vaxandi og er áætlað að verði 647 þúsund krónur árið 2017.

VELFERÐARSVIÐ

LYKILTÖLUR Í REKSTRI/HELSTU BREYTINGAR

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

FJÁRHAGSAÐSTOÐ


Þrátt fyrir að fjárhagsaðstoð hafi aukist talsvert á sl. árum virðist ákveðnum stöðugleika nú náð. Fjárhagsaðstoð fer lækkandi frá fyrra ári, áætlaður kostnaður er 280 m.kr. á árinu 2017 en var 305 m.kr. skv. áætlun 2016. Vænt útkoma fyrir núlíðandi ár er einnig undir áætlun fyrir árið og stefnir í 261 m.kr. Það má að hluta rekja til batnandi atvinnuástands en einnig til breytts verklags við afgreiðslu umsókna um fjárhagsaðstoð. Áhersla er m.a. lögð á úrræði Atvinnuvers, í þeim tilgangi að þeir sem njóta fjárhagsaðstoðar fái aðstoð til þátttöku í atvinnulífinu eða viðeigandi endurhæfingu.

Gert er ráð fyrir að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar hækki um 1-2% í samræmi við reglugerð og er þessi liður hækkaður sem því nemur frá því sem hann stefnir í að verða fyrir þetta ár. Gert er ráð fyrir fækkun þeirra sem njóta aðstoðar og til að mæta kröfum um aðhald er þessum kostnaði haldið niðri eins og hægt er. Gert er ráð fyrir að útgreidd fjárhagsaðstoð verði 25 m.kr. lægri á árinu 2017 en árið 2016.


HÚSALEIGUBÆTUR

Húsaleigubætur hafa farið hækkandi á undanförunum árum sem útgjaldaliður hjá bænum. Það má meðal annars rekja til þess að fjöldi þeirra sem eiga rétt á sérstökum húsaleigubótum hefur farið vaxandi auk þess sem sérstakar húsaleigubætur hafa verið hækkaðar verulega.

Í áætlun er tekið mið af viðamiklum breytingum á húsnæðisbótakerfinu, sbr. ný lög um húsnæðisbætur sem tóku gildi á árinu. Samkvæmt lögnum flyst stjórnslá og umsýsla með almennum húsnæðisbótum frá sveitarfélögum til ríkisins, en sveitarfélögin sjá áfram um greiðslu á sérstökum húsaleigubótum, eða sérstökum húsnæðisstuðningi eins og það er nú kallað. Gert er ráð fyrir að framlag Kópavogsbæjar vegna húsnæðisbóta á næsta ári verði 145 m.kr., sem er nettó hækkun á framlaginu um 5 m.kr. á milli ára.



Þessi mynd sýnir uppreiknaðan kostnað vegna fjárhagsaðstoðar og sérúrræða, að frádregnum niðurgreiðslum vegna leikskólagjalda og styrkjum til líknarfélaga, en að viðbættum sérúrræðum í barnavernd. Fjárhæðir eru í milljónum króna.



Hér má sjá uppreiknaðan kostnað við húsaleigubætur undanfarin ár. Eins og sjá má hefur aukning framlaga verið mjög mikil frá árinu 2011. Lækkun húsaleigubóta frá fyrra ári skýrist af breytingum á húsnæðisbótakerfinu sem taka gildi um áramót þar sem almennar húsaleigubætur flytjast til ríkisins. Fjárhæðir eru í milljónum króna.

ÞJÓNUSTUDEILD FATLAÐRA

Árið 2016 er sjötta árið sem sveitarfélög annast og bera ábyrgð á þjónustu við fatlaða, eftir yfirfærslu málaflokksins árið 2011. Málaflokkurinn fer ört stækkandi sem er aðallega að rekja til fjölgunar á notendum þjónustunnar, sérstaklega í liðveislu, enda voru biðlistar eftir þjónustu mjög langir þegar málaflokkurinn var tekinn yfir. Kostnaður vegna félagslegrar þjónusta við fatlaða; liðveislu og frekari liðveislu hefur aukist um meira en 150% frá árinu 2011. Mikil þörf er á þessari þjónustu og því líklegt að þessi kostnaður eigi eftir að aukast hlutfallslega enn frekar á næstu árum.

LIÐVEISLA OG FREKARI LIÐVEISLA

Í fjárhagsáætlun síðasta árs þurfti að gera ráð fyrir 20 m.kr. hækkun framlaga í liðveislu og frekari liðveislu til að mæta auknum umsvifum í þessari þjónustu. Í áætlun 2017 verður aukafjárveiting frá fyrra ári áfram inni og til viðbótar verða framlög hækkuð öðru sinni um 20 m.kr. Hækkunin rúmast innan ramma fjárhagsáætlunar í ljósi svigrúms af lækkandi fjárhagsaðstoð. Gert er ráð fyrir að greiðslur vegna liðveislu á næsta ári nemi 113 m.kr. og greiðslur vegna frekari liðveislu nemi 121 m.kr., sem gerir heildarkostnað vegna málaflokksins 234 m.kr.


TILFÆRSLA/BREYTING Á STÖÐUGILDUM Í BÚSETU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Í Kópavogi eru rekin átta heimili og íbúðakjarnar fyrir fatlað fólk þar sem búa 44 einstaklingar. Auk þess rekur sveitarfélagið eitt áfangaheimili fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2016 er heildarfjöldi stöðugilda á þessum stöðum samtals 70,7.

Reynslan hefur sýnt að þjónustan á hverjum stað getur verið breytileg frá einum tíma til annars og hefur verið reynt að mæta því með tilfærslu á stöðugildum. Þannig hefur þjónusta við íbúa á Kópavogsbraut með alvarlegan hegðunarvanda verið mætt með stöðugildum frá Vallargerði þar sem hægt var að fækka stöðugildum. Í samtali við forstöðumenn um áætlun fyrir árið 2017 kemur fram að á þremur stöðum er mögulegt að draga úr fjölda stöðugilda á sama tíma og þrjár aðrir forstöðumenn hafa óskað eftir aukningu stöðugilda.

Í launaáætlun verður gert ráð fyrir þessum breytingum þannig að dregið verður úr stöðugildum á þremur stöðum sem eru Dimmuhvarf, Hrauntunga og Vallargerði og þeim bætt við á þremur stöðum, á Skjólbraut, Kópavogsbraut og í Hörðukór. Um er að ræða tilfærslu á 1,5 stöðugildi sem rúmast innan ramma ársins.

Þá verður einnig rýmt til fyrir 1,5 stöðugildi í Austurkór með tilfærslu á fjármagni innan ramma fjárhagsáætlunar. Fjöldi stöðugilda í íbúðakjarnanum að Austurkór hefur tekið mið af því að



Á myndinni má sjá uppreiknaðan heildarkostnað vegna liðveislu og frekari liðveislu, en kostnaður hefur vaxið umtalsvert undanfarin ár. Heildargreiðslur vegna málaflokksins eru áætlaðar 234 m.kr. árið 2017. Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Búseta	fj. stöðugilda 2016	fj. stöðugilda 2017	Breyting
Dimmuhvarf	21,6	21,1	-0,50
Hrauntunga	6,9	6,45	-0,45
Vallargerði	5,75	5,25	-0,50
Fækkun stöðugilda			-1,45
Skjólbraut	5,75	6	0,25
Kópavogsbraut	7,6	8,7	1,10
Hörðukór	2,6	2,75	0,15
Fjölgun stöðugilda			1,50

flestir íbúar séu í dagþjónustu allan daginn frá 8-16. Þar hefur orðið breyting á og þurfa íbúar þess í stað meiri þjónustu heimavið. Fjölgun stöðugilda rúmast innan ramma í ljósi svigrúms af kostnaði við minni liðveislu, skammtí mavistun og aðra dagþjónustu við þessa sömu aðila.

Á næsta ári verður farið af stað með tilraunaverkefni á velferðarsviði sem felst í því að segja upp samningum við fyrirtæki sem hefur sinnt frekari liðveislu við þrjá fatlaða einstaklinga í Hörðukór, samtals 290 tíma á mánuði, og ráða starfsfólk þangað í sama tímafjölda, alls um 1,7 stöðugildi. Um er að ræða tilfærslu á fjármagni innan ramma til að rýma fyrir stöðugildinu.

RÁÐGJAFÁ- OG ÍBÚÐAÐEILD

Kópavogsbær keypti gistiheimili að Nýbýlavegi 30 á árinu 2016. Húsnæðið mun hýsa nýtt búsetuúrræði fyrir fólk með fjölþættan vanda sem þarf stuðning í búsetu. Íbúar verða með lögheimili skráð á staðnum, en um tímabundið úrræði er að ræða eða undirbúning fyrir sjálfstæða búsetu. Húsnæðið rúmar 9-11 einstaklinga. Úrræðið mun einnig hafa áhrif til styttingar biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá bænum. Ekki liggur fyrir endanleg útfærsla úrræðisins en í áætlun næsta árs eru settar 25 m.kr. í verkefnið.

MENNTASVIÐ

Fjárhagsáætlun tekur almennt mið af fyrirliggjandi úthlutunarreglum vegna stöðugilda, yfirvinnutíma, álags sem og annarra þátta. Breytingar geta verið misjafnlega miklar milli skóla og stofnana eftir því hvernig aðstæður breytast á hverjum stað fyrir sig.

HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁÆTLANA

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

GRUNNSKÓLAÐEILD

Kennslulaun taka m.a. mið af fjölda nemenda og aldurssamsetningu í hverjum skóla. Auk þess tekur úthlutun mið af sérþörfum nemenda, t.a.m. vegna sértækra greininga og nemenda sem falla undir viðmið jöfnunarsjóðs.

Á næsta ári verður úthlutunarlíkan Hörðuvallaskóla endurskoðað m.t.t. fjölgunar nemenda, en skólinn er orðinn stærsti grunnskóli sveitarfélagsins. Vaxandi nemendafjöldi gerir kröfu um endurskoðun á úthlutunarlíkanum skólans með viðbótarstöðugildum

vegna stjórnunar, námsráðgjafar, tölvuumsjónar og eldhúss. Frá hausti 2017 verður bætt við 1,0 stöðugildi aðstoðarskólalastjóra, 0,60 stöðugildi námsráðgjafa, fjölgun tíma til tölvuumsjónar og 1,0 stöðugildi matrads í eldhúsi. Áætlaður kostnaður sem fellur til á næsta ári vegna þessa er 12,4 m.kr. Samtals áætlaður kostnaður á ársgrundvelli er hins vegar 24,8 m.kr.

Í áætlun er gert ráð fyrir hækkun upp á 8 m.kr. vegna viðhalds og endurnýjunar á búnaði í grunnskólum, með áherslu á kennsluhúsgögn. Þessi kostnaður kemur til viðbótar við 7 m.kr. sjóð sem til er fyrir á lið 04012-2853. Að auki er gert ráð fyrir að nýta tekjur af tónleikahaldi og sýningum til endurnýjunar og viðhalds búnaðar á menntasviði.

ÚTHLUTUN VEGNA NÝBÚA OG EINHVERFUDEILDAR

Árið 2016 var hafin vinna við endurskoðun á móttökudeild nýbúa í Álfhólsskóla með það að markmiði að nemendur fái í auknum mæli þjónustu í sínum hverfisskóla. Með tímanum verður dregið úr umfangi móttökudeildarinnar/alþjóðavers og deildinni jafnframt falið að miðla faglegri þekkingu og reynslu til annarra skóla svo þeir geti tekið vel á móti þessum nemendum og veitt þeim þjónustu í samræmi við þörf. Samhliða hefur núverandi úthlutun til nýbúadeildar verið endurskoðuð með það að markmiði að úthluta í samræmi við færni einstakra nemenda. Breyting tók gildi frá hausti 2016 og hafa viðeigandi breytingar verið gerðar í áætlun næsta árs. Í áætlun 2017 er gert ráð fyrir áframhaldandi fjölgun nýbúa og að þjónusta við þá verði í auknum mæli í hverfisskólum viðkomandi nemenda sem fyrr segir. Þá er gert ráð fyrir fjölgun nemenda í einhverfudeild frá hausti 2017. Kostnaður næsta árs vegna þessa er áætlaður 8 m.kr.

TÓNLISTARSKÓLAR

Í áætlun er gert ráð fyrir auknum fjölda stöðugilda í kennslu hjá Tónlistarskóla Kópavogs og Tónsölum. Tónlistarskóli Kópavogs hefur tekið í notkun nýtt húsnæði í Fagraþingi og fær 1 stöðugildi tónlistarkennara frá og með hausti 2017 til þess að auka við þjónustu í austurhluta bæjarins. Áætlaður kostnaður næsta árs er 3,1 m.kr. Tónsalir fá á hinn bóginn 0,5 stöðugildi til þess að mæta aukinni eftirspurn frá hausti 2017. Áætlaður kostnaður er 1,5 m.kr. Gert hefur verið ráð fyrir stöðugildi tónlistarkennara í samræmi við ofangreint á lið 04511.

LEIKSKÓLADEILD

Við gerð fjárhagsáætlunar er reynt eftir fremsta megni að minnka álögur á barnafjölskyldur í sveitarfélaginu. Af þeim sökum munu leikskólagjöld ekki hækka um 4% eins og aðrir tekjuliðir í áætlun heldur aðeins um 2,0%.

Gert er ráð fyrir hluta af fjármagni vegna skólaþjónustu í leikskóla í 1. og 2. flokki tímabundið á liðnum 04101-9989, á móti er úthlutun á liðum 1110 lægri í leikskólum. Samhliða verða úthlutunarreglur í skólaþjónustu endurskoðaðar þar sem skoðað verður að breyta hluta af stuðningi sem úthlutað hefur verið til leikskóla, yfir í hegðunarráðgjöf. Um er að ræða tilfærslu á fjármagni innan ramma.

SAMEIGINLEG STEFNUMÓTUN LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Á árinu 2017 verður hafin innleiðing á stefnu um lestur og málþroska. Aðgerðaáætlun vegna innleiðingar verður unnin á næstunni og á næsta ári verður m.a. hafist handa við framkvæmd fræðslu og þjálfunar og fyrirlögn á skimunarprófum læsis og fleira.

Jafnframt verður unnið að gerð aðgerðaráætlunar í tengslum við stefnuna „skóli fyrir alla“ og m.a. gert ráð fyrir fræðslu og þjálfun á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir framkvæmd skimunarprófa vegna kvíða og þunglyndis barna og ungmenna.

ÍÞRÓTTA-, FRÍSTUNDA- OG FORVARNADEILD


FRÍSTUNDASTYRKUR

Kópavogsbær greiðir frístundastyrk með öllum börnum í Kópavogi á aldrinum 5-18 ára sem taka þátt í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Frístundastyrkurinn var hækkaður úr 15.000 kr. í 30.000 kr. haustið 2014 samhliða því sem styrkurinn var jafnframt látinn ná til tónlistarnáms og sjálfstyrkingarnámskeiða ýmis konar. Samkvæmt fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að frístundastyrkur á hvert barn hækki í 40.000 kr. á árinu 2017. Greiðslur vegna frístundastyrkja barna í Kópavogi hafa því farið ört hækandi á síðustu misserum og er áætlað að greiðslur næsta árs nemi 197 m.kr. sem er hækkan um 23 m.kr. á milli ára.

SUNDLAUGAR

Í fjárhagsáætlun er samþykkt að rýma fyrir 0,7 stöðugildi baðvarðar í sundlaug Kópavogs á dagvinnutíma við baðvörslu skólabarna frá 25. ágúst til 10. júní ár hvert meðan á skólasundi stendur. Aukið stöðugildi verður tekið af sumarafleysingarkvóta sundlaugarinnar og fellur því innan ramma áætlunar. Áætlaður kostnaður er 5 m.kr.

Gert er ráð fyrir um 4% aukningu í beinum tekjum sundlauganna. Í takt við bættu lýðheilsu eru íbúar hvattir til aukinnar sundiðkunar með því að leggja áherslu á lækkað verð pr. ferð í réttu hlutfalli við aukna ástundun. Allir gjaldflokkar fullorðinna hækka. Stakt gjald hækkar úr 700 kr. í 800 kr. á sundferð. Tíu miða/punkta kort hækka líka um 100 kr., fer úr 4.900 kr. í 5.000 kr. eða um 10 kr. á ferð, og svo framvegis. Hvað aðgangseyri barna varðar hins vegar þá er



Á myndinni má sjá greiðslur vegna frístundastyrkja barna í Kópavogi á uppreiknuðu verðlagi. Upphæðir eru í milljónum króna.

lækkun á 2 gjaldflokkum af 5 fyrir börn á aldrinum 10-17 ára á meðan aðrir gjaldflokkar standa í stað.

Gert er ráð fyrir 4% hækkun gjaldskrár íþróttahúsa og knattihalla sem gildi frá 1. sept. 2017.

ÍÞRÓTTAMANNVIRKI, BÚNAÐAR- OG TÆKJAKAUP

Í áætlun eru búnaðarkaup íþróttamannvirka hækkuð um 13 m.kr. Mikil endurnýjunarþörf er á búnaði sem nauðsynlegt er að gera ráð fyrir og fela íþróttadeild að forgangsraða þeim innkaupum sem að deildinni snúa. Tekjur af útleigu íþróttahúsa deildarinnar aukast jafnframt í 7 m.kr. sem leggjast við ofangreinda fjárhæð.

Gert er ráð fyrir 4% hækkun á gjaldskrár íþróttahúsa og knattihalla sem gildi frá 1. sept. 2017.

SAMSTARFSVETTANGUR

Með stofnun samstarfsvettvangs íþróttafélaganna í Kópavogi (SÍK) eru ákveðin verkefni færð yfir til hans. Starfsstyrkir, sérstyrkir og afrekssjóður eru teknir saman og afhentir SÍK til umsjónar og úthlutunar á árinu 2017 eða samtals kr. 32,5 m.kr. Jafnframt er gert ráð fyrir 0,5 stöðugildi starfsmanns SÍK og að aðstaða fyrir vettvanginn verði tekin frá í Fagralundi.

HRAFNINN

Á vorönn 2017 verður unnið að því að endurskoða þjónustu Hrafnings og skilgreina hana nánar m.t.t. aukinnar eftirspurnar fatlaðra barna eftir þeirri þjónustu. Á þessu stigi er óljóst hversu mörg börn munu bætast við í Hrafninum haust 2017 en unnið verður að nánari stefnumörkun þjónustunnar í samstarfi við velferðarsvið.

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Á málaflökk 21 er annars vegar færður kostnaður stjórnsýslusviðs bæjarins og hins vegar ýmis sameiginlegur kostnaður sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins. Rekstur deilda stjórnsýslusviðs hefur nánast staðið í stað undanfarin ár en minnkað að raungildi þegar þegar fjárhæðir eru reiknaðar til verðlags 2017. Á sama tíma hefur rekstur bæjarins aukist verulega, ný verkefni orðið til, stofnunum fjölgað, nemendum fjölgað á leik- og grunnskólum og íbúum bæjarins fjölgað.

Hluti þeirra útgjalda sem færast á sameiginlegan kostnað er utan reksturs stjórnsýslusviðs og hefur bærinn lítill áhrif á þau útgjöld. Sem dæmi má nefna rekstrarframlag til lífeyrissjóðs

starfsmanna Kópavogsbæjar eða liðir eins og áfallið orlof, en slík orlofsskuldbinding tengist öllum starfsmönnum bæjarins.

Í áætlun er samþykkt nýtt stöðugildi kerfisstjóra á verkefnastofu til að sinna hinum ýmsu verkefnum sem annars myndu falla í flokk aðkeyptrar þjónustu, svo sem rafrænar kosningar, grænt bókhald, nýtt beiðnakerfi og innleiðingu skýjalausna svo fátt eitt sé nefnt. Er því um að ræða tilfærslu á fjármagni innan ramma sem rýmir til fyrir nýju stöðugildi í ljósi svigrúms af kostnaði við minni aðkeypta þjónustu. Kostnaður er áætlaður 8,5 m.kr. á næsta ári.

INNRA EFTIRLIT


Samkvæmt skipuriti Kópavogsbæjar frá árinu 2011 er gert ráð fyrir innri endurskoðun.

Á undanförunum árum hefur það færst í vöxt að fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög hafi sett upp innri endurskoðun í starfsemi sinni. Þegar innri endurskoðun ruddi sér til rúms var litið svo á að megin viðfangsefni hennar fælist í eftirliti með reglum og fyrirmælum á sviði fjárhags og bókhalds. Í dag er jafnframt lögð áhersla á að innri endurskoðun sé hluti af því að tryggja sem mestan árangur í starfsemi viðkomandi aðila (Ríkisendurskoðun, 1999). „Innri endurskoðun leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styður þannig viðkomandi fyrirtæki eða stofnun í því að ná markmiðum sínum.“ (KPMG, 2007)

Í fjárhagsáætlun 2017 er gert ráð fyrir nýju stöðugildi innra eftirlits til að innleiða innra eftirlit í störfum bæjarins. Viðkomandi starfsmaður myndi einnig bera ábyrgð á mánaðarlegum rekstraruppgjörum bæjarins auk annarra verkefna. Nýtt stöðugildi rúmast innan ramma í ljósi minni kostnaðar við aðkeypta þjónustu og endurskoðun. Kostnaður er áætlaður 12,5 m.kr. á næsta ári.

UT-DEILD

Sérstök Verkefnastofa, sem heyrir undir UT-deild, var stofnuð á árinu 2015. Verkefnastofa sinnir aðallega verkefnum sem tengjast upplýsingatækni, en almenn notendaþjónusta er einnig starfrækt í deildinni sem áður. Í áætlun 2017 er gert ráð fyrir stöðugildi kerfisfræðings á Verkefnastofu, sem fer með sérverkefni varðandi innleiðingar og tæknilegan stuðning við verkefni Verkefnastofu. Með tilfærslu á fjármagni rúmast stöðugildið innan ramma áætlunar, en ráðningin minnkar þörf fyrir aðkeypta sérfræðingaþjónustu og gerir einnig hugbúnaðarkaup hagstæðari fyrir Kópavogsbæ. Áætlaður kostnaður næsta árs er 8 m.kr.



FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Eftirfarandi forsendur eru notaðar við gerð áætlunar:

VAXTATEKJUR

Hér eru bókaðar allar vaxtatekjur sem Kópavogsbær fær. Lang stærsti liðurinn er reiknaðar vaxta- og verðbólgtatekjur af fjárbindingu í eignum bæjarins sem gera kr. 2.352 milljónir. Þessar tölur eru reiknaðar samkvæmt opinberum reglum og mynda grunn að innri leigu stofnana bæjarins.

Við útreikninginn er nú miðað við sömu vexti og gert var vegna 2016 og reiknað með að verðbólga verði 3,9%, en það er í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í vor.

Varðandi aðrar vaxtatekjur, þá er reiknað með að vanskil verði svipuð og á árinu 2016 og að niðurfærsla eldri vaxtatekna verði óbreytt, því verði jafnvægi í inn- og útflæði á þessum lið.

TEKJUR AF EIGNAHLUTUM

Hér er gert ráð fyrir arði af eign bæjarins í Brunabótarfélaginu og Lánasjóði sveitarfélaga.

VAXTA- OG VERÐBÓTAGJÖLD

Við útreikning vaxta- og verðbólgtatekna er reiknað með að verðbólga verði 3,9%. Eins og áður hefur verið sagt benda yngri verðbólguþáttur til þess að verðbólga á árinu 2017 verði heldur lægri en skv. þjóðhagsspá Hagstofu frá því í vor. Nýjasta spá sem birst hefur er þjóðhagsspá að vetri frá Hagstofu Íslands, en þar er gert ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2017 verð 2,4%.

Ekki er gert ráð fyrir lántökum á árinu 2017 nema þá í tengslum við hugsanlega endurfjármögnun lána sem hefði ekki áhrif á heildar skuldastöðu en myndi lækka fjármagnskostnað.

Í þessari áætlun er horft framhjá gengismuni eins og áður. Því munu bein áhrif gengisbreytinga hafa óveruleg áhrif á skuldir bæjarins að öðru leiti en því hvernig þær skila sér í hækkaðri vísitölu neysluverðs.

HÚSNÆÐISNEFND KÓPAVOGS

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Húsnæðisnefnd Kópavogs er gert ráð fyrir 11% hækkun húsaleigu milli árana 2016 og 2017, sem er í tengslum við breytingar á húsaleigubótakerfinu. Nettó leiga íbúa, þegar tekið er tillit til bóta, mun almennt hækka mun minna. Á árinu 2017 er fyrirhugað að endurskoða fjárhæð leigu og leigubóta, þannig að betur megi aðstoða þá sem minnst mega sín og með tekjutengdri leigu eða bótum geti leiguverð hækkað í átt að raunkostnaði með batnandi efnahag íbúanna.